

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 2295 — 968. mál.

Svar

**umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni
um endurskoðun reglugerðar um hollustuhætti.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður endurskoðun reglugerðar um hollustuhætti sem samkvæmt svari á þingskjali 905 stóðu vonir til að ljúka í lok febrúar sl.?

Eins og fram kom í svari ráðherra á þingskjali 905 hafði ráðuneytið vonast til að ljúka vinnu við endurskoðun hollustuháttareglugerðar í febrúar síðastliðnum og stefnt var að því að ný reglugerð yrði undirrituð í lok febrúarmánaðar. Þær áætlanir ráðuneytisins stóðust ekki. Ráðuneytið vonast nú til að ljúka vinnu við endurskoðun reglugerðarinnar í desember næstkomandi og að ný reglugerð verði undirrituð í lok árs.